

Umhverfisstofnun
Áb. <u>135</u>
28 NOV. 2007
<u>54.55</u>
Tilv. <u>UST20071100054</u>



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24

IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. nóvember 2007

Tilvísun: UST20071100054/bs

Efnistaka í Lambafelli. Tillaga að matsáætlun. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 7. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Hér er um að ræða framhald efnistöku sem staðið hefur um langa hríð í Lambafelli. Ráðgert er að taka alls 27.000.000 m³ á um 18 ha svæði. Áætlað er að vinna þetta efni á næstu 30 árum.

Tveir aðilar auk Árvéla stunda einnig efnistöku í Lambafelli.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að matsáætlun:

Gera ætti grein fyrir möguleikum til haugsetningar við Lambafell, svo sem mótun haugs og staðsetningu þannig að hann falli sem best að landi. Frágangur yfirborðs og gróðurfar á haugsvæði. Gera ætti grein fyrir landmótun við jaðra efnistökusvæðis og að hvort unnt sé að samræma hugmyndir námurétthafa um mörk efnistöku og frágang samliggjandi efnistökusvæða.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að kannað verði hvort unnt sé að sameina efnistökusvæði Árvéla og efnistökusvæði Ölfuss til að draga úr sjónrænum áhrifum efnistökkunnar. Að öðru leiti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við tillögu að matsáætlun.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson


Helgi Jónsson
Forstöðumaður